

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

#### *Breyting á deiliskipulagi, Víðiberg 9.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar, á fundi sínum þann 21. júní 2006, breytingu á deiliskipulagi á Víðibergi 9, í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að byggð er bílageymsla í suðvesturhorni lóðarinnar við Víðiberg 9. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegur, Dalshraun 1 og 1a.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar, á fundi sínum þann 17. maí 2006, breytingu á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegur, Dalshraun 1 og 1a í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að komið verði fyrir lóð undir spennistöð á lóð við Dalshraun 1. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi var sú lóð 5.670 m<sup>2</sup> að stærð en verður væntanlega 5.643,34 m<sup>2</sup>, þar sem lóð spennistöðvar nr. 1a, er málsett 6,2x4,3 m á uppdrætti. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Tillaga að deiliskipulagi Valla 5. áfanga.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar, á fundi sínum þann 23. janúar 2006, tillögu að deiliskipulagi Valla 5. áfanga í Hafnarfirði. Deiliskipulagstillagan felur í sér að á 21,8 ha svæði er gert ráð fyrir 88 einbýlishúsalóðum, 54 íbúðum í raðhúsum, 2 íbúðum í parhúsum og 242 íbúðum í fjölbýli, samtals 386 íbúðum. Farið var með deiliskipulagstillögunum skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

#### *Tillaga að deiliskipulagi Valla 6. áfanga.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar, á fundi sínum þann 23. janúar 2006, tillögu að deiliskipulagi Valla 6. áfanga í Hafnarfirði. Deiliskipulagstillagan felur í sér að á 15,3 ha svæði er gert ráð fyrir 24 íbúðarhúsum, 83 íbúðum í rað- og parhúsum og 56-64 íbúðum í fjölbýli, auk lóðar fyrir 4-6 deilda leikskóla. Farið var með deiliskipulagstillögunum skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

#### *Nýtt deiliskipulag fyrir Hamarsbraut 17.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar, á fundi sínum þann 20. júní 2006, nýtt deiliskipulag fyrir Hamarsbraut 17, í Hafnarfirði. Í deiliskipulaginu felst að 1.478 m<sup>2</sup> lóð nr. 17 er skipt í 2 lóðir sem breytist í lóðir nr. 16 og 17. Lóð nr. 16 er 708 m<sup>2</sup> og heimilt er að reisa allt að 311,5 m<sup>2</sup> einbýlishús með bílskúr en

leyfilegt nýtingarhlutfall er 0,44. Lóð nr. 17 er 421 m<sup>2</sup>, þar stendur 169 m<sup>2</sup> hús og bætist við byggingarreitur fyrir viðbyggingu en leyfilegt nýtingarhlutfall er 0,58. Farið var með deiliskipulagstillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

*F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 2. ágúst 2006,*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. ágúst 2006